

# VSÓ RÁÐGJÖF

## AÐGENGI PRÍHNÚKAGÍGS

### Umsögn um þingsályktunartillögu

#### Inngangur

Fyrir liggur tillaga til þingsályktunar um áskorun til menntamálaráðherra um að hefja vinnu við eftirfylgni hugmynda Príhnúka ehf. um aðgengi Príhnúkagígs.

Iðnaðarnefnd alþingis hefur óskað eftir umsögn Príhnúka ehf og VSÓ Ráðgjafar sem fylgir hér að neðan.

#### Umsögn

Aðstandendur Príhnúka ehf. eru þakklátir fyrir þann stuðning og velvilja sem verkefnið hefur notið þ.á.m innan alþingis, sem m.a. birtist í ofangreindri þingsályktunartillögu.

Hér að neðan nokkrar leiðréttingar og ábendingar sem æskilegt er að koma á framfæri þ.a. öllu sé til haga haldið:

- Áformuð jarðgöng eru um 350m löng
- Heiti fyrirbærisins er Príhnúkagígur (ekki með j)
- Um op gígsins er nokkurt hrún, sérstaklega í frost/pýðu veðri og úrkomu. Vafasamt er að unnt sé að opna aðgengi á gígbotninn vegna öryggissjónarmiða
- Kostnaðaráætlun liggur enn ekki fyrir, en skotið hefur verið á 1.000 m.kr. Kostnaður ræðst m.a. af stærð aðkomubyggingar. Hugmyndir hafa verið uppi um að hýsa þar m.a. jarðvísindasetur og listaverka- og vísindasafn Haraldar Sigurðssonar (gjöf til Íslenska ríkisins).

Vinna Príhnúka ehf við frumathugun á mögulegu aðgengi er nú á lokastigi. Reiknað er með að skýrslu um niðurstöður liggi fyrir í maí n.k. með tilheyrandi kynningum. Færa má rök fyrir því að þeim tímapunkti sé skynsamlegt að ráðast í næstu skref, enda liggja allar upplýsingar þá aðgengilegar fyrir. Þá verður alþingiskosningum lokið, búið að endurskipa í stöður ráðamanna og verkefnið kemst þá á borð þeirra sem ráða munu för næstu árin.

Einar k. Stefánsson

Árni B. Stefánsson